Kæru verkefnastjórar og formenn!

Nú líður að 16 daga alþjóðlega átakinu okkar að roðagylla heiminn sem fer fram dagana **25. nóvember – 10. desember** nk. Við nefnum átakið að þessu sinni „Þekktu rauðu ljósin“ Soroptimistar hafna ofbeldi. Slagorðið er í tengslum við alþjóðalega slagorðið SIE (Soroptimist International Europe) „Read the Signs“. Eins og hefur verið í gegnum árum er appelsínugulur litur tákn átaksins.

Áherslan í ár felst í fræðslu um hvernig koma megi auga á og stöðva ofbeldi í nánum samböndum. Þessi fræðsla þarf að koma fyrir sjónir almennings m.a. með milligöngu Soroptimista með því að deila þeim fróðleik sem þegar er til hér á landi um þetta mikilvæga málefni. Mikilvægt er að við vísum í öll úrræðin sem eru á upplýsingasíðu 112. Kynna ykkur 112.is, það er mjög vel unnin síða.

Undir verkfærakistunni eru komið inn upplýsingaefni átaksins um mismunandi birtingu ofbelsis. Þau eru flokkuð í 6 rauð ljós. Andlegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi, fjárhagslegt ofbeldi, stafrænt ofbeldi og að lokum eltihrellir. Tveir bannerar eru líka komnir inn sem hægt er að nota í kynningarefni tengt átakinu á vefsíðum og samfélagsmiðlum eins og Facebook.

Að auki eru kominn inn plakat þar sem hægt er að sjá þessi 6 rauðu ljós sem við þurfum að hafa í huga. Neðst á plakatinu er vísað í upplýsingasíðu 112 þar sem hægt er að fara og skoða upplýsingar um úrræði og eins er QR kóði sem vísar inn á heimasíðuna soroptimist.is „þekktu rauðu ljósin“ myndbands síða.

Fyllum heimasíðuna og Facebook af fróðleik um hvernig koma má auga á einkenni eitraðra samskipta, hvert hægt er að leita hjálpar til að stöðva ofbeldið og koma sér úr eitruðu sambandi.

Fræðsla og forvarnir eru okkar einkunnarorð í ár !
Hugmynd Landssambandsins er að birta á facebook síðu sinni á fyrsta degi átaksins ávarp Guðrúnar Láru forseta þar sem myndin af átakinu er dregin upp í orðum.
Á öðrum degi þ.e. **25. nóvember** er fyrsta skiltið birt þ.e. um andlegt ofbeldi og næsta dag þar á eftir myndbandið um Jenný. Því næst eftirfærandi:

28. nóv.	2. skiltið Líkamlegt ofbeldi
29. nóv.	Myndband 2 Elín Elísabet
30. nóv.	3. skiltið- Kynferðislegt ofbeldi
01. des.	Myndband 3 Hans
02. des.	4. skiltið - Stafrænt ofbeldi
03. des.	Myndband 4 Sara
04. des.	5. skiltið - Fjárhagslegt ofbeldi
05. des	Myndband 5 - Sonja
06. des	6. skiltið - Eltihrellir
07. des	Myndband 6 - Hildur
08. des	Myndband 7- Shantaye
09. des	Myndbönd frá Stígamótum (Afleiðingar - 7 frásagnir og bætt líðan)
10. des	Öll örmyndböndin frá Bjarkarhlíð (frá Rögnu Björgu, Elínu lögfræðingi, Laufeyju Brá , Erlu Dögg og almennt um Bjarkarhlíð) Þakkarerindi frá Forseta Soroptimista með samantekt á árangur 16 daga átaksins.

Til að vekja athygli hafa Soroptimistar óskað eftir því við utanríkisráðherra að hún beiti sér fyrir því, eins og forverar hennar hafa gert, að öll sendiráð okkar Íslendinga verði roðagyllt þessa 16 daga sem átakið stendur yfir. Einnig er stefnt að því að koma því til leiðar að allt stjórnarráðið, þ.e. öll ráðuneyti verði roðagyllt. Þessi áskorun nær einnig til allra opinberra bygginga á Íslandi og þar geta klúbbarnir 19 á landinu lagt lóð á vogarskálarnar með því að hvetja sín sveitarfélög og kirkjur til þess.
Við hvetjum ykkur til að styðja við þessa vitundavakningu en það mun vera í valdi hvers klúbbs hvað hann vill gera til að vekja athygli á átakinu. 16 daga átakið er kjörið tækifæri til að auka vitund um málefnið í klúbbnum okkar og í samfélaginu. Það gefur okkur öllum tækifæri til að rjúfa þögnina varðandi ofbeldi. Með því að skipuleggja viðburði í okkar nærumhverfi sem draga fram ofbeldi gegn konum, gerum verkefnið (viðfangsefnið) sýnilegt, við gefum konum sem þjást von.
Systur eru hvattar til að setja inn myndir af roðagylltum byggingum í heimabyggð inn á sínar facebook síður og klúbbasíður og frá fundum þar sem systur mæta í roðagylltum fötum - frá fyrirlestrum - fundum - fjáröflunum og öllu því sem sérhver klúbbur tekur sér fyrir hendur. Einnig frá roðagylltum sendiráðum og stofnunum.
Systur eru líka hvattar til að deila eins miklu og þær geta og vilja hver og ein inn á sínar síður, á Facebook, Instagram og Linkedin, bæði með skiltum og myndböndum. Taka fram að þau séu til með enskum og pólskum texta. Minna stöðugt á 112 sem upplýsingasíðu.
Allt efni er og verður aðgengilegt á heimasíðunni, forsíðunni og mikilvægt að allar systur sem það kunna og vilja, bendi á heimasíðuna okkar.
Fyllum heimasíðuna og Facebook af fróðleik um hvernig koma má auga á einkenni ofbeldis sambanda, hvert hægt er að leita hjálpar til að stöðva ofbeldið og koma sér úr ofbeldissambandi.

Með kveðju,

Ellen Tyler
Anna Hugrún Jónasdóttir
María Björk Ingvardóttir

Verkefnastjórar og 1. varaforseti/talskona